



# Hólaskóli Háskólinn á Hólum

Skrifstofa Alþingis  
b/t Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Hólum í Hjaltadal 20.2.2015

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúrupassa, mál 455 þskj. 699

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum tekur heilshugar undir markmið laganna, sem fram koma í fyrstu grein; „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun náttúru Íslands með nauðsynlegri uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða svo og að styðja við málefni er tengjast öryggismálum ferðamanna“.

Hinsvegar telur deildin að sú leið sem frumvarpið felur í sér hafi mjög alvarlega annmarka og veki upp mörg álitamál. Mun hagkvæmara er að innheimta það gjald, sem nauðsynlegt er til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða með komu- eða brottfarargjöldum. Jafnframt gæti verið skynsamleg leið að íhuga “Kur” skatt, skv. þýskri hefð, þar sem gjald af gistingu á ákveðnu svæði rennur beint til viðkomandi svæðis/sveitarfélags, slíkt er algengt víða á þýsku málsvæði (m.a. á ferðamannastöðum í Ölpunum) og er leið til að tryggja að samfélagið á svæðinu fá beinan arð af ferðamönnum. Slíkar aðferðir geta átt þátt í að tryggja samfélagslega sjálfbærni. Ekki er heldur hægt að horfa fram hjá tekjum af greininni sem koma í ríkissjóð í gegnum skattkerfið. Þær tekjur ætti að nota til verndunar náttúru Íslands, viðhalds og uppbyggingar innviða.

Eftirfarandi atriði eru helstu rök gegn innleiðingu náttúrupassa:

1. Almennaréttur, það er réttur fólks til að fara frjálst um land valdi það ekki spjöllum, eru mannréttindi byggð á ríkri menningarhefð og sögu hérlendis og í nágrannalöndunum. Hugmyndin um gjaldtöku fyrir þann rétt að fara um land eða hafa þar skamma viðdvöl, er í andstöðu við almannahagsmuni. Með því að skerða almennarétt vegna umsvifa ferðaþjónustunnar er félagslegri sjálfbærni greinarinnar stefnt í hættu.
2. Það verður viðvarandi verkefni og álitamál, að skilgreina hvaða staðir skuli teljast ferðamannastaðir. Jafnvel skilgreining á „stað í náttúru Íslands“ sbr. 4. grein frumvarpsins er óljós. Deilur um slíkar skilgreiningar eru líklegar til að valda ágreiningi í þjóðfélaginu. Öllum ætti að vera ljóst hve djúpstæður ágreiningur getur skapast um nýtingu auðlinda í almannaeigu. Ferðaþjónustan hefur hingað til ekki verið olía á þann eld og löggjafarvaldið má ekki stuðla að því að svo verði.
3. Það er óljóst samkvæmt 4. grein, hvort landeigendum, sem ekki sækja um aðild að náttúrupassa sé heimilt að innheimta aðgangsgjald í eigin nafni. Fari svo að innheimta aðgangsgjalds verði útbreidd hérlendis mun það letja bæði innlent og erlent ferðafólk til að ferðast um landið. Það er hrollvekjandi tilhugsun að Ísland verði „túristagildra“ með innheimtumenn á hverju strái.
4. Frumvarpið gerir takmarkaða grein fyrir framkvæmd innheimtu og eftirlits. Innheimta gjalds og eftirlit á vettvangi með því að einstaklingar hafi náttúrupassann getur leitt til neikvæðrar upplifunar af ferð í náttúru Íslands. Innheimtan er flókin í framkvæmd og vandséð hvernig eftirlitinu verði sinnt án mikils tilkostnaðar.
5. Þeim fjármunum sem yrði varið til ráðningar og þjálfunar starfsfólks við eftirlit og innheimtu auk rekstrarkostnaðar væri betur varið með öðrum hætti að sömu markmiðum. Til dæmis eflingar landvörslu, löggæslu, slysavörnum, björgun og sjúkraf lutningum í náttúru Íslands.